

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 12. nóvember 2007 í máli nr. E-754/2006:

Sveinn Skúlason og

Erna Valsdóttir

(Hilmar Magnússon hrl..)

gegn

Íslenska ríkinu

(Sigurður Gísli Gíslason hdl.)

Ár 2007, mánudaginn 12. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. E- 00754/2006

Sveinn Skúlason

og Erna Valsdóttir

gegn

Íslenska ríkinu

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember sl., er höfðað með stefnu birtri 2. febrúar 2006.

Stefnendur eru Sveinn Skúlason og Erna Valsdóttir, Flókagötu 67, Reykjavík.

Stefndi er Íslenska ríkið.

Stefnandi, Sveinn Skúlason, krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð 1.210.413 krónur, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 26. júní 2003 til greiðsludags.

Stefnandi, Erna Valsdóttir, krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð 1.112.050 krónur, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 26. júní 2003 til greiðsludags.

Þá krefjast stefnendur málskostnaðar eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál en stefnendur hafa bæði fengið gjafsókn í málinu með leyfi útgefnu 15. desember 2005.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Með úrskurði dómsins 19. júní 2006 var kröfu stefnda um frávísun málsins hafnað.

MÁLSATVIK

Aðdragandi máls þessa er að þann 16. júní 2003 úrskurðaði Héraðsdómur Reykjavíkur að ríkislögreglustjóra væri heimiluð húsleit á jörðinni Hnúki, Skarðsströnd í Dalasýslu. Tílefni húsleitarinnar var grunur skiptastjóra þrotabús Kraftvaka ehf. og þrotabús Kvarða-Afls ehf. um að eignum hefði verið skotið undan framangreindum þrotabúum en bæði þessi félög höfðu verið í eigu og undir stjórn Unnsteins B. Eggertssonar. Í úrskurðinum segir að á meðan á aðgerðum skiptastjóra hafi staðið hafi hann fengið fregnir af ýmsum aðgerðum sem Unnsteinn eigi að hafa staðið fyrir í þeim tilgangi að koma undan eignum sem væru í raun eignir Kraftvaka ehf. Væri Unnsteinn grunaður um að hafa komið fyrir eignum eins og verkfærum, vinnuvélum og skrifstofu- og tölvubúnaði víða, m.a. að Hnúki í Dalasýslu.

Aðkoma stefnenda að málinu hófst hinn 26. júní 2003 en þá hafi verið haft samband við stefnanda Svein og honum tilkynnt að lögreglumenn við embætti ríkislögreglustjórans væru þá staddir á jörðinni, Hnúki, Dalabyggð, í þeim tilgangi að framkvæma þar húsleit og að til grundvallar húsleitinni lægi fyrir úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, sem heimilaði húsleit í öllum byggingum og híbýlum jarðarinnar.

Í stefnu er greint frá því að stefnendum hafi brugðið verulega við þessi tíðindi enda talið sig saklaus af þeim alvarlega áburði er lögreglan greindi frá. Hafi stefnendur andmælt sakargiftum og einnig því að þurfa að rjúfa miðjan vinnudag af þessum ástæðum og aka vestur að Hnúki 210 km leið, enda hafi stefnendur hvort um sig verið upptekin við sína vinnu í Reykjavík. Í stefnu er því síðan lýst hvernig stefnendur undirbyggju ferð sína vestur í Dali sem og ferðinni sjálfri. Hafi stefnendur komið að Hnúki um kl. 18:00 og hafi þá þegar opnað allar byggingar jarðarinnar fyrir lögreglumönnum. Hafi leitinni lokið án þess að hlutir hafi verið haldlagðir og hafi lögreglumennirnir við svo búið haldið til Reykjavíkur.

Í lýsingu málsástæðna í stefnu kemur fram að stefnukrafan sé byggð á því að málalíbúnaður ríkislögreglustjóra sem leiddi til úrskurðar héraðsdóms 16. júní 2003 hafi verið ófullnægjandi og byggður á „kjaftasögum“. Þá hafi héraðsdómari farið ranglega með staðhæfingar um eignarréttindi að jörðinni Hnúki og haldið því fram að hún tilheyrði öðrum aðila en stefnendum þessa máls. Sé ljóst að þarna sé á

ferðinni fullkomin vanræksla dómarans um að gæta að réttum forsendum fyrir úrskurði sínum, en dómurinn sé samkvæmt þessu kveðinn upp gegn betri vitund, eða a.m.k. nægjanlegrar aðgæslu dómarans um eignarrétt að jörðinni og án þess að hagsmuna stefnenda hafi á nokkurn hátt verið gætt. Segir í stefnu að af þessum sökum hafi leit lögreglunnar verið ólögmæt þar sem hana skorti lögmætan grundvöll. Telji stefnendur jafnframt að þeir hafi orðið fyrir persónulegum álitshnekki og óþægindum vegna fréttu af þessum atburðum í sveitarfélaginu. Að lokum vísa stefnendur til þess að ríkislögreglustjóri hafi dregið úr hófi að ljúka málinu formlega gegn stefnendum.

Stefnendur gera kröfur til ýtrustu skaðabóta úr hendi ríkisins og reisa kröfur sínar á almennum reglum skaðabótaréttarins, ákvæðum XXI. kafla laga nr. 19/1991, einkum greinum 175 og 176 og á ákvæði 26. gr. laga nr. 50/1993. Kröfur stefnenda taka bæði til fjártjóns og miska.

Stefnukröfu sundurliða þau þannig:

Fjártjón og miski:

Bótakrafa stefnanda Sveins vegna beins fjártjóns og miska sundurliðast þannig:

1. Tapaður útseldur tími lögmanns (án vsk.)

- undirbúningur 2 t.

- ferðir 2x3 tímar eða 6 klst.

- lágmarksdvöl á Hnúki 4 klst.

samtals 12 klst. x 11.500.- kr. 138.000.-

2. Akstur 2 x 210 km. x 70.- kr. kr. 29.400.-

3. Gjald í Hvalfjarðargöng 2 x 1.000.- kr. 2.000.-

Virðisaukaskattur á 1.-2. tl. kr. 41.013.-

4. Miski (sjá hér að neðan) kr. 1.000.000.-

Samtals kr. 1.210.413.-

Bótakrafa stefnanda Ernu vegna beins fjártjóns og miska sundurliðast þannig:

1. Tapaður útseldur tími fasteignasala (án vsk.)

undirbúningur 2 t.

ferðir 2x3 tímar eða 6 klst.

- lágmarksdvöl á Hnúki 4 klst.

samtals 12 klst. x 7.500.- kr. 90.000.-

Virðisaukaskattur kr. 22.050.-

2. Miski (sjá hér að neðan) kr. 1.000.000.-

Samtals kr. 1.112.050.-

Stefnendur kveðast krefjast bóta fyrir ólögmæta meingerð gegn friði, æru og persónu án þess að hafa unnið þar nokkuð til sakar svo og fyrir annan miska, sem þeir meta á 1.000.000 króna fyrir hvorn stefnanda, sbr. sundurliðun fjárkröfu hér að framan.

Við mat á miska beri að hafa í huga að stefnandi Sveinn hafi verið sjálfstætt starfandi lögmaður hér í borg og notið réttarstöðu sem opinber sýslunarmaður og stefnandi Erna reki fasteignasölu með löggildingu á því sviði.

Stefnendur telja að eins og aðstæðum í máli þessu sé háttað, beri ríkissjóður fortakslausa skyldu til að greiða stefnendum skaðabætur í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1991 og almennar reglur skaðabótaréttarins.

Stefndi í máli þessu er íslenska ríkið og er dóms- og kirkjumálaráðherra stefnt f.h. þess þar sem hann fer með yfirstjórn lögreglu- og dómsmála.

Þá er fjármálaráðherra stefnt f.h. íslenska ríkisins vegna þeirra fjárhagslegu hagsmuna sem stefndi ber í málinu.

Lagarök:

Stefnandi reisir kröfur sínar á meginreglum skaðabótaréttar svo og á XI. kafla oml. nr. 19/1991, um bætur handa sakborningi, og ákvæði laga nr. 50/1993, einkum 26. gr.

Þá vísar stefnandi til mannréttindaákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1994 og mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Um aðild vísa stefnendur til 19. gr. eml. um heimild til aðilasamlags.

Um dráttarvexti er vísað til laga nr. 38/2001 og er dráttarvaxta krafist frá þeim degi er hin ólögmæta aðför hófst gegn stefnendum með húsleit þann 26. júní 2003.

Krafa um málskostnað er reist á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Af hálfu stefnda er til þess vísað að tilefni rannsóknaraðgerða lögreglu hafi verið upplýsingar frá skiptastjóra þrotabúa Kraftvaka ehf. og Kvarða-Afls ehf. sem fylgt hafi rökstuddri beiðni skiptastjóra um opinbera rannsókn.

Hafi lögregla haft rökstuddan grun um að refsiverð brot kynnu að hafa verið framin í sambandi við meðferð á eignum og búanna því verið gerð um það krafa hinn 16. júní 2003 í Héraðsdómi Reykjavíkur að heimiluð yrði húsleit á Skarðsá í Búðardal í Dalasýslu, heimili Unnsteins, eiganda og forsvarsmanns beggja félaganna. Úrskurður um þetta hafi verið kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur 16. júní 2003 og fallist á með lögreglu að rökstuddur grunur lægi fyrir um að Unnsteinn hefði komið undan eignum í eigu framangreindra einkahlutafélaga, s.s. verkfærum, vinnuvélum, og skrifstofu- og tölvubúnaði, og hafi því gerst sekur um fjárdrátt og skilasvik. Var jafnframt talinn vera rökstuddur grunur um að munir, sem kynni að hafa verið komið undan, væru niðurkomnir að Skarðsá. Stefnendur voru ekki sakborningar í málinu. Þá hafi verið kveðinn upp úrskurður sama dag um húsleit vegna sama máls, m.a. að Hnúki. Hafi sambærileg gögn legið þar til grundvallar. Samkvæmt upplýsingum sem borist hefðu skiptastjóra hafi verið grunur um að góssi hefði verið komið fyrir að Hnúki. Þá liggi fyrir að tengsl hafi verið á milli stefnenda og Skógræktarfélagssins, sem hefði keypt traktorsgröfu af Kvarða-Afli, og milli stefnenda og Unnsteins sem verið hafi forsvarsmáður fyrirtækjanna og húsráðandi að Skarðsá. Úr því að verið var að rannsaka málið og gera húsleitarkröfu um Skarðsá og heimili Unnsteins hafi verið óhjákvæmilegt að beina kröfu um húsleit jafnframt að öðrum þeim stöðum þar sem rökstuddur grunur var um að góss gæti verið, en Hnúki var einn þeirra staða. Þá hefði stefnandi Sveinn unnið lögfræðistörf fyrir Unnstein.

Á grundvelli umrædds úrskurðar hafi farið fram húsleit að Skarðsá hinn 18. júní 2003. Þar hafi verið lagt hald á ýmsa muni sem taldir voru tengjast því máli sem til rannsóknar var. Umrædd vinnuvél fannst að Skarðsá við leitina og var lagt hald á hana. Hafi leitin og haldlagningin verið byggðar á úrskurði héraðsdóms og fyllilega lögmatar. Umrædd vinnuvél hafi verið skráð eign félags sem stefnendur séu í forsvari fyrir. Hafi greinileg tengsl verið á milli Unnsteins og þrotabúanna annars vegar og stefnenda og skógræktarfélagssins að Hnúki hins vegar.

Húsleit hafi farið fram að Hnúki nokkrum dögum síðar, eða 27. júní s.á. Enn ríkari ástæða hafi verið þá til að gera umrædda leit með hliðsjón af því að traktorsgrafan hefði fundist að Skarðsá og því efni til að ætla að grunsemdir um undanskot hefðu verið á rökum reistar. Hafi leitin verið framkvæmd á grundvelli úrskurðarins. Engar málsástæður stefnenda snúi að hinni eiginlegu leit eða framkvæmdinni sem slíkri, enda muni stefnendur enga athugasemd hafa gert við framkvæmdina. Ekkert hafi fundist við leitina sem talið var úr umræddum þrotabúum eða ástæða væri til að haldleggja. Hafi stefnendum þegar verið tjáð það af lögreglu. Þá þegar hafi stefnendum mátt vera ljóst að ekki yrði frekar af málinu gagnvart þeim.

Stefnendur hafi ekki hirt um að bera leitina eða aðrar aðgerðir lögreglu undir héraðsdóm eins og heimildir standi þó til, sbr. 75. og 79. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991 og verði stefnendur sjálfir að bera af því hallann. Þvert á móti verði ekki annað séð en að stefnendur hafi verið nokkuð sáttir við leitina enda komi fram í stefnu að þeir hafi þegar opnað öll hús og hirslur fyrir lögreglu án þess að reyna að kynna sér úrskurðinn og á hverju hann byggði.

Þá segir að skiptastjóri hafi rannsóknar- og athafnaskyldu m.a. í því efni að finna eigur bús og tryggja að þær séu til staðar við skiptin. Sé ljóst að við slíka málsmeðferð beri lögreglu að veita liðsinni sitt. Meðal hlutverka lögreglu sé að veita aðstoð við að ná vörslum eigna sem tilheyri þrotabúinu og aðstoða þannig skiptastjóra eftir fönngum, en auk þessa beri lögreglu að rannsaka ætluð brot vegna gjaldþrota. Í þessu efni hljóti afskipti lögreglu að verða í samhengi við meðferð þrotamáls að því leyti að sá tími sem meðferð búskiptanna tekur hefur áhrif á þann tíma sem málsmeðferð lögreglu tekur.

Stefnendur hafi ekki sýnt fram á neinar athafnir, eða athafnaleysi lögreglu eða annarra starfsmanna stefnda, sem geti leitt til bótaskyldu stefnda. Stefnendur hafi ekki látið reyna á úrræði laga um gjaldþrotaskipti nr. 21, 1991 um ábyrgð skiptastjóra eða úrræði 27. gr. laga um dómstóla nr. 15, 1998, en úrskurður héraðsdómara verði ekki endurmetinn í nýju dómsmáli.

Stefnendur hafi hvorki sýnt fram á að þeir hafi orðið fyrir tjóni, né að þeir hafi leitast við að takmarka meint tjón sitt.

Verði ekki fallist á sýknukröfu sé ljóst að stefnukröfur séu allt of háar og byggji ekki á neinum gögnum. Séu bótakröfurnar miklu hærri en dómafordæmi gefi tilefni til.

Fyrsti liður bótakrafna beggja stefnenda sé án nokkurra gagna og njóti einskis við um þær fjárhæðir sem þar séu settar fram. Þá sé alfarið ósannað að raunverulegt fjártjón hafi orðið, en ekkert liggi fyrir um í hverju hinar töpuðu tekjur hafi falist. Annar liður bótakröfu stefnanda Sveins sé úr lausu lofti gripinn. Ekki komi neitt fram um það hvaða viðmið sé notað vegna akstursgjalds. Þriðji liður bótakröfu stefnanda Sveins sé ósannaður en ekki liggi fyrir kvittun eða nokkurt annað gagn um útgjöld vegna veggjalds. Stefndi telur fjárhæðir miskabótakrafna stefnenda allt of háar. Jafnvel þótt stefnendum yrði játaður einhver bótaréttur sé ljóst að fjárhæðir miskabótakrafna séu allt of háar ef höfð sé hliðsjón af ýmsum dómum þar sem menn hafi fengið bætur vegna lögregluaðgerða, s.s. vegna gæsluvarðhalds og handtöku, sem séu þó sýnu alvarlegri inngríp í líf manns en húsleit í sumarbústað. Rökstuðningur stefnenda fyrir þessum háu fjárhæðum sé ekki annar en að stefnandi Sveinn hafi verið sjálfstætt starfandi héraðsdómslögmaður í Reykjavík og stefnandi Erna rekið fasteignasölu með löggildingu á því sviði. Að mati stefnda nægja þessi atriði ekki til að rökstyðja hinar háu bótakröfur.

Stefndi mótmælir vaxtakröfum stefnenda og upphafsdegi vaxta, sbr. 9. gr. i.f. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001.

NIÐURSTAÐA

Í máli þessu liggur fyrir að rannsókn á ætluðum brotum Unnsteins Eggertssonar gegn 247. og 250. gr. hegningarlaga hefur verið hætt, en leit sú er fram fór að Hnúki 27. júní 2003 var þáttur í þeirri rannsókn.

Að virtum þeim upplýsingum sem lágu fyrir héraðsdómi 16. júní 2003 er dómari heimilaði húsleitina verður á því að byggja að fyrir hendi hafi verið rökstuddur

grunur um að Unnsteinn Eggertsson hafi skotið undan eignum eigu Kraftvaka ehf. og Kvarða-Afls ehf. og þannig gerst sekur um brot gegn 247. og 250. gr. hegningarlaga. Með hliðsjón af þeim gögnum sem lágu fyrir á þessum tíma telur dómari einnig að fullnægt hafi verið skilyrðum 1. mgr. 90. gr., sbr. 89. gr., laga nr. 19/1991 til þess að fram færi leit á jörðinni Hnúki í þeim tilgangi að finna og leggja hald á muni í eigu þrotabúa Kraftvaka ehf. og Kvarða-Afls ehf.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem lágu fyrir lögreglu 27. júní 2003 telur dómari að á þeim tíma hafi verið rökstuddur grunur um að munir sem Unnsteinn Eggertsson var talinn hafa skotið undan gjaldþrotaskiptum kynni að vera að finna að Hnúki enda þótt traktorsgrafa sem leit beindist að hefði fundist við húsleit að Skarðsá hinn 18. júní 2003.

Dómari telur að gildar ástæður hafi verið til leitar að Hnúki umrætt sinn sbr. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 19/1991. Þá kemur ekkert fram um það að annmarkar hafi verið á framkvæmd leitar enda er því ekki haldið fram af stefnendum.

Með því að telja verður að skilyrði XI. kafla laga nr. 19/1991 um leit hafi verið uppfyllt í því tilviki sem hér er til úrlausnar verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnenda.

Í ljósi þess að þau njóta gjafsóknar við rekstur málsins í héraði samkvæmt leyfi frá 15. desember 2005 verður stefndi ekki sérstaklega dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Gjafsóknarkostnaður stefnenda, þar með talin þóknun lögmanns hans, Hilmars Magnússonar hrl., sem þykir hæfilega ákveðin 596.753 krónur með hliðsjón af framlögðu málskostnaðaryfirliti, greiðist úr ríkissjóði. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Samkvæmt þessu nemur gjafsóknarkostnaður í málinu í heild 596.753 krónum.

DÓMSORÐ

Stefndi, íslenska ríkið, skal sýkn af öllum kröfum stefnenda, Sveins Skúlasonar og Ernu Valsdóttur.

Gjafsóknarkostnaður stefnenda, 596,753 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Allan V. Magnússon